



# Ársskýrsla 2025

## Menntaskólinn í Kópavogi

Email: [mk@mk.is](mailto:mk@mk.is)  
Website: [www.mk.is](http://www.mk.is)

Sími: 594 4000  
Digralesvegi 51,  
200 Kópavogi



# EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Ágrip	4
Stefnumiðuð áætlun	5
Nemendatölur	9
Brautskráning	10
Brotthvarf	11
Starfsfólk	12
Fjármál og rekstur	13
Stjórnun	14
Sérnámsbraut	18
Nám og félagslíf	19
Starfsþróun	21
Erlent samstarf	22
Leiðsöguskólinn	23
Prófill MK	24
Starfsfólk skólans árið 2025	25

# INNGANGUR

Menntaskólinn í Kópavogi var settur í fyrsta sinn 22. september 1973. Margt hefur breyst í starfsemi skólans á þeim rúmlega 50 árum sem liðin eru frá því að hann hóf göngu sína. Í stað þeirra 125 sem hófu nám í MK eru nú um tífalt fleiri nemendur við nám í bóknámi, matvælanámi, leiðsögunámi og á afreksíþróttasviði.

MK er skóli bóklegra og verklegra mennta. Boðið er uppá þriggja ára nám til stúdentsprófs, þriggja anna nám á framhaldsskólabrú, nám á sérnámsbraut, grunndeild matvæla- og ferðagreina, iðnnám í bakstri, framreiðslu, matreiðslu og kjötiðn, meistaranám iðngreina, matsveina- og matartæknanám auk leiðsögunáms. Meðalnemendafjöldi ársins 2025 var rúmlega 1050 og heildarfjöldi starfsmanna um 100.

MK leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.



# ÁGRIP

Árið 2025 var viðburðarríkt og einkenndist af mikilli þróun í skólastarfinu. Sjálfsmatshópur var myndaður til að meta innra starf skólans, skólaþing var haldið þar sem hlustað var á raddir nemenda, meistaradagur var haldinn, þar sem iðnmeistarar og aðilar tengdir matvælagreinum komu saman til að efla nám í matvælagreinum. Endurskoðuð námskrá Leiðsöguskólans var staðfest og skólanámskrá skólans var betrubætt svo fátt eitt sé nefnt.

Það var mikið gleðiefni þegar bókasafn skólans var opnað eftir gagngerar breytingar sem búið var að bíða eftir í nokkur ár. Bókasafnið er eitt mest nýtt rýmið í skólanum og er mikil ánægja með þessar glæsilegu breytingar meðal nemenda og starfsfólks skólans.

Nemendafélag skólans, NMK, lét ekki sitt eftir liggja og stóð fyrir ýmsum viðburðum s.s. nýnemadegi, spilakvöldum, tyllidögum, árshátíð, skemmtilegum uppákomum á skólatíma o.fl. Með auknu félagslífi á skólatíma kom NMK til móts við ábendingar nemenda um aukið félagslíf á daginn. Auk þess tóku nemendur þátt í Gettu betur ásamt öðrum uppákomum á vegum framhaldsskólanna. Þá fór hópur nemenda í söguferð til Póllands og skoðaði fangabúðir nasista í Auschwitz.

Þann 18. nóvember var ný skólanefnd skipuð til fjögurra ára og lét þá fyrri skólanefnd af störfum. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir kosin formaður.

Á árinu 2025 fékkst Jafnlaunavottun skólans endurnýjuð til ársins 2028 og áfram hélt skólinn að vera vinsæll kostur hjá nýnemum og því miður þurfti að vísa mörgum góðum nemendum frá. Stjórnendum þykir mikilvægt að starfsfólki og nemendum líði vel í námi og starfi og því var rík áhersla lögð á vellíðan þeirra m.a. með því að hlusta á raddir starfsfólks og nemenda með auknu samráði og samtölum. Auk þess var könnun um vellíðan á vinnustað lögð fyrir starfsfólk og unnið úr henni með starfsfólkinu. Árangurinn endurspegladist í niðurstöðum úr starfsánægjukönnuninni Stofnun ársins þar sem MK lenti í 1. sæti og fékk titilinn Stofnun ársins 2025 sem og að auki nafnbótina Fyrirmyndarstofnun 2025.

Guðríður Hrund Helgadóttir, skólameistari

# STEFNUMIÐUÐ ÁÆTLUN

Stefnumiðaðri áætlun MK til þriggja ára er skilað árlega til mennta- og barnamálaráðuneytisins í samræmi við 31. og 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Skólameistari ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemi skólans samræmist henni. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi skólans, rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Áætlun frá 2024 var endurskoðuð haustið 2025 og ný áætlun mótuð til næstu ára.

Markmið MK fyrir árin 2025-2027 eru eftirfarandi:

[https://www.mk.is/static/files/skyrslur/stefnuskipt/2025\\_2027\\_markmid-og-adgerdir.pdf](https://www.mk.is/static/files/skyrslur/stefnuskipt/2025_2027_markmid-og-adgerdir.pdf)

## KJARNASTARFSEMI, MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

- AUKA GÆÐI NÁMS OG KENNSLU
- FJÖLGA ÚTSKRIFUÐUM NEMENDUM ÚR SAMNINGSBUNDNU IÐNNÁMI

## KJARNASTARFSEMI, REKSTRARÞÆTTIR

- GÓÐ ÞJÓNUSTA
- ÖFLUGUR MANNAUÐUR
- SJÁLFBÆR REKSTUR

MK starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi námskrá. Skólinn leggur ríka áherslu á að veita nemendum öflugna menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra hvernig taka á ábyrgð á eigin námi. Inntökuskilyrði eru tilgreind á heimasíðu skólans. Skólanámskrá skólans er rafræn og í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólanámskráin er í stöðugri þróun og tekur breytingum ár frá ári. Námsbraut í leiðsögunámi var endurskoðuð og staðfest af mennta- og barnamálaráðuneytinu sumarið 2025. Með fjölbreyttu námsframboði í bók- og starfsnámi fyrir breiðan hóp nemenda tekur MK þátt í vinnu að meginmarkmiðum stjórnvalda um að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

## AUKA GÆÐI NÁMS OG KENNSLU

MK leggur ríka áherslu á að veita nemendum öfluga menntun í námsumhverfi þar sem nemendum líður vel. Aðgerðir til að ná þessu markmiði voru að veita rými fyrir þverfaglegan hóp kennara sem tók þátt í samtali um kennsluhætti og hvernig best er að þróa þá. Könnun, með það að markmiði að hvetja til starfsþróunar og að kennarar deili reynslu sín á milli, var lögð fyrir. Unnið var með niðurstöður úr könnuninni og kennarar fengnir til að kynna á kennarafundum áhugaverðar aðferðir sem þeir höfðu kynnt sér og þróað í kennslu. Skólaping var haldið þar sem nemendur afrekssviðs skólans tóku þátt. Niðurstöður voru nýttar til þess að bæta skólastarfið en eitt af því sem fram kom var að nemendur vilja meira félagslíf á skólatíma. Nemendafélag skólans brást vel við þeirri ósk nemenda. Auk þess var miðannarmat áfanga sett upp og buðu nokkrir kennarar sig fram við að prufukeyra það. Miðannarmatið kom vel út og nýttist kennurum sem vilja halda áfram með það.

Notast var við mælikvarða s.s. áfangamat í Innu, þar sem annars vegar heildareinkunn áfanga og hins vegar heildareinkunn kennara var skoðuð og er hæsta mögulega einkunn 1,0. Árið 2024 var heildareinkunn áfanga í MK 0,84 og heildareinkunn kennara 0,89. Á vorönn 2025 var heildareinkunn áfanga í MK 0,83 og heildareinkunn kennara 0,88. Á haustönn 2025 var áfangamat þróað og spurningum breytt svo að hægt væri að greina frekar það sem betur má fara.

Áfram verður unnið í að fá nemendur til að taka virkan þátt í umræðum og könnunum um skólastarfið. Kennarar verða áfram hvattir til þess að þróa sig í starfi m.a. með því að ígrunda kennsluaðferðir í sameiningu þannig að sem bestur árangur náist í námi og kennslu.



## FJÖLGA ÚTSKRIFUÐUM NEMENDUM ÚR SAMNINGSBUNDNU IÐNNÁMI

Fjölga þarf útskrifuðum nemendum úr samningsbundnu iðnnámi en framreiðsla og kjötið hafa átt undir högg að sækja. Til stóð að þróa lotubundið nám í kjötið og framreiðslu en beðið var með það þar sem kjötið var ekki kennd vorið 2025 og á haustönn voru fáir nemendur í framreiðslu og kjötið. Framreiðslunám var mikið rætt meðal kennara deildarinnar en einnig við utanaðkomandi hagaðila, s.s. SAF og Verkmenntaskólann á Akureyri sem einnig kennir framreiðslu. Verkefnastjóri var ráðinn í verkefnið en niðurstaðan varð sú að byrja þurfi að endurskoða grunndeild matvæla- og ferðagreina. Unnið verður að endurskoðun grunndeildar á árinu 2026.

Kynningar á matvælanámi sem áhugaverðum valkosti voru gerðar og fólust þær m.a. í því að auka sýnileika og tengsl við atvinnulífið. Mikil tengsl eru nú þegar við atvinnulífið sem m.a. stendur fyrir ýmisskonar keppnum í matvælagreinum í húsnæði skólans. Kynningarfulltrúi MK hefur unnið að því að kynna greinarnar á samfélagsmiðlum skólans og kennarar hafa verið duglegir að senda inn greinar m.a. á mbl.is og Veitingageirann. Krefjandi verkefni voru sett upp en nemendur fengu t.d. að taka þátt í Arctic circle, Slow Food og fleiri skemmtilegum verkefnum. Auk þess er stefnt að því að efla gott námsumhverfi og bjóða nemendum upp á góða þjónustu á meðan á vinnustaðanámi stendur. Nemendur geta leitað til námsráðgjafa, sálfræðings, skrifstofu skólans og tekið þátt í félagslífi nemenda á meðan á vinnustaðanámi stendur. Að lokum var miðað við í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára að 60 nemendur myndu ljúka samningsbundnu iðnnámi á árinu 2025. Raunin varð sú að 54 nemendur útskrifuðust úr samningsbundnu iðnnámi árið 2025. Búið er að greina hvers vegna ekki allir kláruðu nám sitt og verður unnið með þær niðurstöður.



## GÓÐ ÞJÓNUSTA

Í samræmi við markmið fjármálaáætlunar um betri og skilvirkari þjónustu ríkisstofnana settu stjórnendur MK sér markmið og aðgerðir tengd þeim er byggja á óskum forráðamanna og nemenda. Óskirnar fólu í sér að lengja opnunartíma skrifstofu á viðverutíma nemenda og betrubæta innheimtu skólagjalda. Óskirnar voru framkvæmdar og aðgerðum því lokið.

## ÖFLUGUR MANNAUÐUR

Í samræmi við markmið fjármálaáætlunar um að efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu settu stjórnendur MK sér það markmið að vera í góðu samráði við starfsfólk skólans varðandi aðbúnað, vinnuskilyrði og ákvarðanatöku er snýr að þeim. Auk þess var hafist handa við að uppfæra samskiptasáttmála skólans en sú vinna mun halda áfram á árinu 2026. Mælikvarðinn var starfsánægjukönnunin Stofnun ársins þar sem hæsta einkunn er 5,0. Miðað var við að ná 4,40 í ánægju og stolti en niðurstaðan var 4,77 og miðað var við að ná 4,34 í jafnrétti en niðurstaðan var 4,60. Skólinn bætti sig því í báðum þáttunum, fékk titilinn Fyrirmyndarstofnun og varð Stofnun ársins 2025 meðal ríkisstofnana með 90 eða fleiri starfsmenn. Mikil ánægja er með þennan árangur og áfram verður unnið að því að tryggja að Menntaskólinn í Kópavogi sé góður og eftirsóttur vinnustaður.

## SJÁLFBÆR REKSTUR

Markmið stjórnenda var að rekstur skólans væri innan áætlunar og að ná niður uppsöfnuðum halla. Aðgerðir fólust í að færa fjármagn af fjárfestingaframlagi yfir á rekstrarframlag, minnka langtímaveikindi eins og hægt er með betra utanumhaldi um starfsmenn og halda yfirvinnu í lágmarki með því að rýna vel í kennsluskiptingu, hópastærðir og hvaða áfangar eru kenndir á hverri önn. Árangur aðgerða má finna í ársreikningi skólans en mikil ánægja er með að búið sé að vinna upp uppsafnaðan hallarekstur og reksturinn var sjálfbær á árinu 2025.

# NEMENDATÖLUR

Ársmemendum MK hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Með tilkomu afreksíþróttasviðs haustið 2019 hefur aðsókn við skólann aukist gríðarlega. Rúmlega 360 nemendur stunduðu nám á afreksíþróttasviði haustið 2025.

Á vorönn 2025 voru 1012 nemendur í námi við skólann og í upphafi haustannar 2025 voru 1104 nemendur skráðir í skólann. Fjöldi nemenda á starfsbraut hefur aukist margfalt á síðustu tveimur árum og haustið 2025 voru 40 nemendur á brautinni. Á sama tíma hefur nemendum á framhaldsskólalabru farið fækkandi og eru nemendur auk þess fyrri til að vinna upp námsefnið og skila sér yfir á stúdentsbrautir.

Námslína	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Félags- og hugvísindabraut	117	124
Opin braut	308	303
Raugreinabraut	88	140
Viðskipta- og hagfræðibraut	151	185
Framhaldsskólalabru*	31	34
Sérnámsbraut	34	40
Iðnstúdent		2
Grunndeild matvælagr.	35	30
Bakaraiðn**	19	6
Framreiðsla	19	15
Kjötiðn	1	5
Matreiðsla	67	73
Meistaránám iðngr.***	26	53
GMV2	17	
Matartæknanám***		9
Matsveinanám***	16	25
Grunnskólanemendur	55	
Krýsuvík	28	26
Nemendur alls	1012	1104

Kynjahlutfall nemenda í skólanum:  
KK: 58%  
KVK: 42%  
Kynsegin: 0,2%

Haustið 2025 voru 360 afreksíþróttanemendur í MK. Það eru 33% af nemendum skólans.  
KK: 250 (69%)  
KVK: 110 (30%)  
Stúlkum hefur verið að fjölga á afreksíþróttasviði. Haustið 2025 innrituðust 50 stúlkur (36%) á afreksíþróttasvið og 90 piltar (64%).

\*Framhaldsskólalabru er þriggja anna nám.

\*\*Annar bekkur kenndur að hausti og þriðji bekkur að vori.

\*\*\*Eingöngu innritað að hausti til.

## Brautskráning

Árið 2025 brautskráðust 45 nemendur af afreksípróttasviði eða 35% nýstúdenta. Af þeim voru 17 stúlkur eða 38% og 28 piltar eða 62%. Brautskráðum stúlkum af afreksípróttasviði hefur fjölgað úr 26% í 35% á milli ára. Meðaleinkunn nemenda á afreksípróttasviði var hærri en þeirra sem ekki voru á afreksípróttasviði.

Alls voru 262 nemendur brautskráðir á árinu 2025, 181 í maí og 81 í desember. Konur sem brautskráðust voru 126 og 136 karlar. Af stúdentsbrautum brautskráðust 68 karlar en 59 konur, fleiri karlar brautskráðust úr iðngreinunum til sveinsprófs og úr meistaranámi en fleiri konur úr leiðsögu-, matsveina- og matartæknanámi. Kynjahlutfallið var að þessu sinni jafnt hjá brautskráðum af sérnámsbraut.

Brautskráningar frá MK árið 2025						
Námsleið	Vorönn			Haustönn		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
FÉHU	10	2	12	2	9	11
OPIN	13	22	35	16	10	26
RAUN	3	8	11	3	2	5
VIHA	13	6	19	8	0	8
<b>Stúdentsbrautir - samtals</b>	<b>39</b>	<b>38</b>	<b>77</b>	<b>29</b>	<b>21</b>	<b>50</b>
Iðnstúdent	0	0	0	0	0	0
Bakstur *	4	8	12	0	0	0
Framreiðsla *	8	3	11	0	1	1
Kjötið * *	0	0	0	0	0	0
Matreiðsla	8	4	12	14	4	18
Meistaránám *	12	7	19	1	0	1
Matsveinar *	2	10	12	2	0	2
Matartæknar **	0	1	1	2	7	9
Leiðsögunám *	13	20	33	0	0	0
Sérnámsbraut*	2	2	4	0	0	0
<b>Samtals brautskráðir</b>	<b>88</b>	<b>93</b>	<b>181</b>	<b>48</b>	<b>33</b>	<b>81</b>



\*Útskrifað að vori

\*\* Útskrifað að hausti

## Brotthvarf

Nemendur hverfa frá námi á hverri önn af ýmsum ástæðum. Algengastar eru andleg veikindi, brottrekstur vegna mætingar eða að nemendur skipta um skóla. Stöðugt er unnið að því að draga úr brotthvarfi.


Brotthvarf nýnema í MK, samkvæmt tölum sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur tekið saman fyrir árið 2025 var 4,5% (meðaltal allra framhaldsskóla var 4,5%) og tilfærsla var 18,7%. Vert er að benda á að í tilfærslutölu er ekki tekið tillit til grunndeildar matvæla- og ferðagreina en sú námsbraut er ekki með eiginleg námslok heldur er hún undirbúningsnám fyrir frekara nám á framhaldsskólastigi.



# STARFSFÓLK

Á vorönn störfuðu 69 einstaklingar á kennslusviði, þar af voru 44 konur (64%) og 25 karlar (36%). Tíu kennarar sinntu einnig deildarstjórn samhliða kennslu (sex konur og fjórir karlar). Á haustönn störfuðu 71 einstaklingur á kennslusviði, þar af 46 konur (65%) og 25 karlar (35%). Þá sinntu sex konur og fjórir karlar deildarstjórn. Nær allir kennarar eru með gild kennsluréttindi.

Meðalaldur kennara er rétt rúmlega 50 ára.



Ekki voru teljandi breytingar á þjónustusviði skólans milli skólaára.

Stjórnendur voru sex á vorönn en fimm á haustönn: skólameistari, aðstoðarskólameistari, framkvæmdastjóri Hótel- og matvælkólans, áfangastjóri, náms- og skrifstofustjóri og kennslustjóri í 75% starfi sem lauk störfum við skólann í júní. Í stjórnendateyminu eru fjórar konur og einn karlmaður.

Annað starfsfólk á þjónustusviði var um 30: fjármálastjóri, innkaupastjóri, kerfisstjóri, umsjónarmaður fasteigna, þjónustufulltrúi á skrifstofu, forstöðumaður bókasafns, starfsmaður í hlutastarfi á bókasafni, sálfræðingur, þrjár náms- og starfsráðgjafar, fagstjóri leiðsögunáms, fagstjóri afreksíþróttasviðs. Þrjár sérkennarar starfa á sérnámsbraut, tveir þroskaþjálfar og þrjár stuðningsfulltrúar í 100% starfshlutfalli. Á þjónustusviði starfa auk yfirmanns þjónustusviðs, fimm þjónustuliðar. Í mötuneyti skólans starfa auk forstöðumanns mötuneytis, tveir starfsmenn.

# FJÁRMÁL OG REKSTUR

Á árinu 2025 var áfram unnið að því að vinna á móti hallarekstri skólans. Helstu aðgerðir:

- Yfirvinna áfram skorin niður og verkefnum deilt niður á fleiri hendur
- Fámennir áfangar voru ekki kenndir
- Hópastærðir endurskoðaðar þar sem hægt var til að draga úr yfirvinnu
- Kostnaður við nýnemaferð var verulega skorinn niður
- Rútukostnaði var stillt í hóf
- Öll innkaup hafa verið endurskoðuð

Afkoma rekstrar MK á árinu 2025 var mjög góð. Fjárveitingar til skólans voru hækkaðar og skýrist það af fjölgun nemendaígilda. Fluttar voru 18 m.kr. af fjárfestingaframlagi yfir á rekstrarframlag stofnunarinnar og skólinn fékk 15 m.kr. vegna eflingar gagnavinnslu í framhaldsskólum á árinu 2026. Launagjöld hækkuðu mikið eða um 10% en lögð var mikil vinna í að hagræða innan kennsluáfanga og halda yfirvinnu niðri. Langtímaveikindi starfsmanna voru með minnsta móti og yfirvinna þar af leiðandi ekki mikil vegna þess.

Yfirlit yfir afkomu ársins 2025 og samanburður við árið 2024				
í m.kr.				
Tekjur	2025	2024	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	2.073,2	1.795,7	277,5	15%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	34,8	27,8	7,0	25%
Sértekjur og aðrar rekstrartekjur	164,7	167,6	-2,9	-2%
<b>Samtals</b>	<b>2.272,8</b>	<b>1.991,1</b>	<b>281,7</b>	<b>14%</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun	1.552,5	1.407,8	144,7	10%
Húsnæði	420,4	403,7	16,7	4%
Annar rekstrarkostnaður	148,0	151,9	-4,0	-3%
Afskriftir	34,8	27,8	7,0	25%
<b>Samtals</b>	<b>2.155,7</b>	<b>1.991,2</b>	<b>164,4</b>	<b>8%</b>
<b>Afkoma (-tap) ársins</b>	<b>117,1</b>	<b>-0,2</b>		

# STJÓRNUN

## Skólanámskrá og nemendahandbók

Á vordögum hófst vinna við að endurskoða og betrumbæta skólanámskrá MK en tími var kominn á að uppfæra hana. Námskráin var lögð fyrir á skólafundi 5. september og samþykkt af öllu starfsfólki skólans. Í framhaldi var hún lögð undir skólanefnd og var hún samþykkt og birt á heimasíðu skólans í kjölfarið.

Á haustmánuðum var handbók fyrir nemendur gefin út og birt á heimasíðu skólans. Í nemendahandbókinni eru teknar saman ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið fyrir nemendur og forráðamenn þeirra.

## Meistaradagur

Meistaradagur var haldinn í fyrsta sinn í MK í janúar. Makmiðið með þessum degi er að efla matvælagreinar með samstarfi og samvinnu hagsmunaaðila. Það voru fulltrúar frá Nemastofu, Matvís og Iðunni, fræðslusetri, sem ræddu við meistara og útskriftarnema í matvælagreinum. Auk þess fór framkvæmdastjóri Hótel- og matvælasólans yfir ferlið við gerð rafrænnar ferilbókar.

## Fyrirmyndarstofnun

MK lenti í fyrsta sæti í Stofnun ársins í flokki stórra ríkisstofnana með 90 starfsmenn eða fleiri. Skólinn fékk jafnframt titilinn Fyrirmyndarstofnun 2025. Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra opinberra stofnana og vinnustaða. Könnunin nær til 35.000 einstaklinga á opinberum vinnumarkaði og er markmið hennar að varpa ljósi á vinnustaði sem skara fram úr í stjórnun mannauðs og skapa framúrskarandi starfsumhverfi. Viðurkenningin er sönnun þess að MK er leiðandi vinnustaður þar sem vel er haldið utan um mannauðinn og starfsfók finnur fyrir metnaði og virðingu. Haldið verður áfram að skapa jákvætt, hvetjandi og metnaðarfullt starfsumhverfi fyrir alla, bæði nemendur og starfsfólk. Lögð var m.a. stutt könnun fyrir starfsfólk í október um líðan á vinnustaðnum og öryggi í samskiptum.

## Skólaþing

Í mars var haldið skólaþing í fyrsta sinn. Ákveðið var að í úrtaki yrðu nemendur á þriðja ári á afreksípróttasviði skólans. Skólaþingið var sett þannig upp að nemendum var ráðað á borð þar sem þeir áttu að ræða fyrirfram ákveðin umræðuefni. Eftir ákveðinn tíma áttu þeir að skipta um

borð og fá þá ný umræðuefni. Markmiðið með þessu var að leyfa röddum nemenda að heyrast. Stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður og að mismunandi nemendahópar verði kallaðir til hverju sinni. Vegna stærðar skólans og fjölbreytni í námsframboði er nemendum skipt niður í smærri hópa eftir umræðu hvers skólaþings.

### Umhverfismál

MK hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu sem er fylgt eftir með þriggja ára aðgerðaráætlun sem er endurskoðuð árlega. Stefna skólans er að stuðla að heilbrigðum og vistvænum lífsstíl nemenda og starfsfólks, úrgangsnótun, endurnýtingu, endurvinnslu o.fl.

Aðalmarkmið skólans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda að lágmarki um 45% miðað við árið 2019 og fram til ársins 2030.

MK leggur áherslu á að umhverfis- og loftslagsmál séu eitt af meginmarkmiðunum í námskrá skólans. Umhverfisfræði er skylduáfangi fyrir alla nemendur í bóknámi og í starfsnámi er lögð áhersla á að samtvinna fræðslu og aðgerðir til að auka líkur á að allar ákvarðanir séu teknar með sjálfbærni í huga.

Umhverfisdagur er haldinn á haustönn en tilgangur hans er að auka umhverfisvitund nemenda og vekja athygli þeirra á því sem þeir geta sjálfir gert til að vernda umhverfið. Að þessu sinni var áhersla lögð á fatasóun og unnið var með kennurum í umhverfisfræði í skemmtilegu verkefni sem skreytti ganga skólans. Einnig var settur upp skiptifatamarkaður þar sem nemendur og starfsfólk gat komið með notuð föt sem það var hætt að nota og gátu fundið sér „ný“ föt í staðinn. Nemendur tóku þátt í plockkeppni þar sem 13,5 kg af rusli söfnuðust í nágrenni skólans. Í hádeginu á Umhverfisdeginum var svo öllum boðið í diskósúpu.

Til að vinna gegn matarsóun er hádegismaturinn seldur eftir vigt og í lok dags er afgangur af borði seldur til nemenda og starfsfólks á góðu verði.

MK tekur þátt í verkefninu Græn skref ríkisstofnana og er skólinn kominn með viðurkenningu á tveimur skrefum. Vinna er hafin á þriðja skrefinu og er markmiðið að klára það á næsta skólaári. Ákvörðun hefur verið tekin að vinna markvisst með nemendum og þar með innleiða grænfána verkefni Landverndar á næsta skólaári.

### Innra mat

Sjálfsmatshópur að innra mati skilaði inn áætlun um sjálfsmat fyrir skólárið 2025-2026. Með innra mati er sjálfsmat gert meðvitað og formlegt sem gerir okkur kleift að átta okkur á hvernig skólinn stendur sig, hvað er vel gert og hvað megi betur fara. Allt með hagsmuni nemenda að

leiðarljósi. Markmiðið er fyrst og fremst að bæta gæði og árangur skólstarfsins og þar með nám, kennslu og velferð nemenda.

Nýnemakönnun var endurskoðuð og henni skipt upp í tvær kannanir. Fyrri könnunin var lögð fyrir um miðjan október og var svarhlutfall 72,4%. Í þeirri könnun voru nemendur spurðir út í nýnemamóttöku, tölvunámskeið í byrjun annar, nýnemaferð, nýnemakvöld, nýnemaball, líðan þeirra í MK og hvort þeir eigi vini í MK. Seinni nýnemakönnunin verður lögð fyrir á vorönn. Þá verða nýnemar spurðir út í skipulag náms og áfangaval, verkefnatíma, umsjónarkerfið, stoðþjónustu, tölvuþekkingu, mötuneyti o.fl.

Nemendur hafa í mörg ár fengið miðannarmat um miðbik hverrar annar. Tilgangurinn er að nemendur og foreldrar/forráðamenn sjái námsstöðu í hverjum áfanga fyrir sig og geti brugðist við ef þörf er á. Á haustönn var í fyrsta sinn boðið upp á miðannarmat fyrir áfanga. Sú tilraun gekk vel og komu þeir áfanga sem voru í matinu vel út og fengu kennarar sem kenndu þá áhugaverðar og nýtsamlegar ábendingar frá nemendum.

Áfangamat var lagt fyrir með breyttu sniði á haustönn. Í nokkur ár hafa allir áfanga verið í mati á hverri önn. Nú var ákveðið að hver námsgrein færi í úttekt þriðju hverja önn. Þegar niðurstöður liggja fyrir verða kennarar kallaðir í samtál við stjórnendur.

Stutt könnun var lögð fyrir kennara skólans varðandi formlega og óformlega starfsþróun þeirra. Markmiðið með könnuninni er að efla lærdómssamfélagið innan skólans. Hugmyndin er að fá yfirlit yfir starfsþróun kennara til að þeir geti deilt reynslu sinni með samstarfsfélögum.

## Mentor

Það er mikill metnaður í MK fyrir því að taka vel á móti nýjum kennurum. Þar sem kennslustjóri er ekki lengur starfandi við skólann var ákveðið að nýir kennarar fái mentor (tengilið) fyrstu önnina sem þeir eru í starfi í MK. Mentorar koma úr hópi starfandi kennara við skólann og hlutverk þeirra er að vera nýjum kennara innan handar með formlegum hætti og styðja þá á nýjum starfsvettvangi.



### Samstarf við menntavísindasvið HÍ

MK hefur um árabíl tekið á móti nemum frá Háskóla Íslands í starfsnámi. Ekki hefur verið tekið á móti kennarnemum í hefðbundið bónám í nokkur ár. Menntavísindasvið Háskóla Íslands

óskaði eftir að samstarfið væri endurnýjað og var Stefán Svavarsson ráðinn verkefnastjóri til þess að halda utan um nemahópinn. Starf hans felst í móttöku kennaranema í upphafi skólaárs, að skipuleggja kynningar á skólastarfi MK, áhorf og finna viðeigandi leiðsagnarkennara í kennslugrein kennaranema í samráði við háskólakennara. Skólaárið 2025 - 2026 voru átta kennaranemar í MK, sjö í bóknámi og einn í starfsnámi.

### Jafnlaunavottun

Jafnlaunavottun var tekin út og staðfest af Vottun hf í október. Vottunin gildir til október 2028. Í úttektinni kom meðal annars í ljós að ríflega 3% launamunur er á milli kynja þegar horft er á heildarlaun starfsmanna, konum í vil. Markmið okkar er að launamunur sé ekki

meiri en 3%. Þegar rýnt var í tölurnar kom í ljós að ástæðan fyrir launamuninum liggur í því að konur eru með meiri menntun en karlanir og telst þessi launamunur því útskýrður.

### Gervigreind

Stjórnendur óskuðu eftir áhugasömum kennurum til að útbúa áfanga í notkun gervigreindar fyrir nemendur. Úr varð áfanginn GAIA2BA05 þar sem nemendum verður kennd ábyrg notkun á gervigreind sem og gragnrýninni hugsun í tengslum við hana. Áfanginn var kynntur í valviku í október og verður kenndur í fyrsta sinni á vorönn 2026.

### Krýsuvík

MK hefur séð um kennslu í Krýsuvík frá haustinu 1995. Kennslan er frábrugðin hefðbundinni kennslu vegna misjafnrar námsgetu og þarfa hvers og eins. Vistmenn eru þar að auki staddir á ýmsum stigum meðferðar og geta verið að koma og fara óháð starfstíma skólans. Þar af leiðandi er kennslan aðlöguð að hverjum og einum með styrk og veikleika þeirra í huga. Markmiðið er ekki endilega að ljúka önn með prófi, heldur að styrkja nemendur og virkja þá til þátttöku.

Litið er á kennsluna sem mikilvægan hlekk í endurhæfingu vistmanna, m.a. til að auka sjálfsstyrk og bæta félagslega hæfni þeirra. Fjórir kennarar hafa séð um kennsluna og kennslugreinarnar sem kenndar voru á þessu ári eru íslenska, enska, félagsfræði og stærðfræði.

# SÉRNÁMSBRAUT

Sérnámsbraut MK var stofnuð haustið 2019 og var hún eingöngu hugsuð fyrir nemendur á einhverfurófi. Þá hófu 6 nemendur nám á sérnámsbraut. Haustið 2025 stunduðu 40 nemendur nám á brautinni.

Sérnámsbraut MK hefur tekið miklum framförum á undanförunum árum. Fjölgun nemenda hefur verið hröð og endurspeglar aukna eftirspurn eftir einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum úrræðum innan skólans. Haustið 2023 fjölgaði nemendum úr 16 í 26 og haustið 2024 voru þeir orðnir 36. Árið 2025 stunduðu 40 nemendur nám á brautinni.

Árið 2025 urðu engar breytingar á stöðugildum. Starfsmenn sérnámsbrautar eru átta talsins og auk þess koma þrjú til fjórir almennir kennarar inn í kennslu á hverri önn. Þessi samsetning hefur reynst vel og stuðlar að fjölbreyttu og sveigjanlegu námsumhverfi.

Markmið brautarinnar er að mæta nemendum af virðingu og skapa þeim námstækifæri við hæfi. Lögð er áhersla á að stuðla að alhliða þroska nemenda, auka sjálfstraust þeirra og sjálfstæði, efla samskiptahæfni þeirra og styrkja félagslega þátttöku þeirra. Með þessu er leitast við að undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í samfélaginu og framtíð sem byggir á styrkleikum hvers og eins.

Námið á brautinni er bæði bóklegt og verklegt og hefur þróast í takt við breyttar þarfir nemenda. Nemendum, sem það geta, býðst að taka þátt í almennu námi með stuðningi. Það eykur þátttöku þeirra í skólasamfélaginu og styrkir sjálfstæði þeirra. Mikið nám fer fram með hagnýtum verkefnum þar sem unnið er með lífsleikni, daglega færni og félagsleg samskipti. Einnig er lögð rík áhersla á gott og farsælt samstarf við foreldra, forráðamenn og aðra fagaðila til þess að tryggja velferð nemenda.



# NÁM OG FÉLAGSLÍF

MK-ingar taka þátt í helstu viðburðum og keppnum á vegum Sambands íslenskra framhaldsskólanema: Gettu betur, söngvakeppni, íþróttakeppnum og í námskeiðinu ungir frumkvöðlar

Vorið 2025 hófst með þátttöku nemenda í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur en keppnislið MK komst í aðra umferð. Tyllidagar voru haldnir og Elín María Þórarinsdóttir tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd NMK. Árshátíð nemendafélagsins var haldin með pomp og prakt í apríl. Á vormánuðum 2025 tók ný stjórn við í nemendafélaginu og þeirra fyrsta verkefni var að skipuleggja nýnemaferð í Kaldársel þar sem farið var í hópeflisleiki og svo var nýnemakvöld í MK um kvöldið. Nemendafélagið stóð auk þess fyrir nýnemaballi í lok september, streetballmóti, spilakvöldi, bleika deginum, íþróttaviku, súmóglímu, bekkpressu og fótboltaleik við MS. Auk þess var nemendafélagið reglulega með uppákomur á skólatíma. Í desember gaf NMK nemendum gjafapoka með ýmsu góðgæti sem hvatningu fyrir prófatörnina. Forvarnir eru mikilvægar og hefur markvisst verið unnið því að stuðla að bættri líðan allra innan veggja skólans. Félagslífs- og forvarnarteymi skólans vinnur náið saman og heldur utan um alla nemendaviðburði á vegum skólans. Allir nýnemar blása í áfengismæla á skóladansleikjum og geta skráð nafn sitt í edrúpott. Eldri nemendum gefst einnig kostur að blása og skrá nafn sitt í edrúpottinn sem dregið er úr eftir hvern dansleik.

Foreldrafélag MK fundar einu sinni til tvisvar á önn og ákveður í samvinnu við nemendur, forvarnarfulltrúa og stjórnendur skólans í hvers konar verkefni foreldrasjóður skólans er nýttur. Auk þess að sjá um vinninga í edrúpott bauð foreldrafélagið uppá fyrirlestur á forvarnardaginn um það hvernig utanaðkomandi áhrif geta leitt til veðmálafíknar.

Hefð er fyrir því í MK að kennarar í m.a. matvælagreinum, íslensku, jarðfræði, líffræði, í viðskiptagreinum og félagsgreinum brjóti upp kennslu með því að fara með nemendur á Njáluslóðir, skoði ný og eldri hraun, flekaskil og háhitasvæði, taki þátt í málþingi kynjafræðinema í HÍ, fari í fjöruferð, skoði gróðurhús, fari í sveppatínsluferð, heimsæki Landsrétt, RÚV, stærri viðskiptafyrirtæki sem og hótél og iðnaðar- og matvælafyrirtæki. Þá bauð Goethe Institute þýskunemum í Bíó Paradís og nemendur í spænsku tóku þátt í spænskuhátíð í Veröld Vigdísar.

Samfélagslöggan leit nokkrum sinnum við í MK en það er forvarnarverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem miðar að því að færa lögregluna nær samfélaginu og styrkja tengsl hennar við ungt fólk.

Á hverju ári taka nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut þátt í verkefninu Ungir frumkvöðlar í gegnum áfangann frumkvöðlafæði. Eitt fyrirtæki úr MK komst í úrslit fyrirtækjasmíðu ungra frumkvöðla. Það var fyrirtækið Villibitar sem bjó til góðgæti fyrir hunda. Sjö lið úr MK tóku þátt í keppninni að þessu sinni og sýndu afraksturinn bæði á opnu húsi í MK og í Smáralind þar sem öll lið framhaldsskólanna voru með sýningarbása.

Líkt og endranær hafa nemendur okkar verið duglegir að taka þátt í ýmsum keppnum og viðburðum. Á árinu 2025 tóku nemendur þátt í Norrænu nemakeppninni í matreiðslu og framreiðslu, Kornax keppninni, keppni um Köku ársins, Slow food, Arctic Circle í Hörpu, Bragðagarði sem haldin er í Grasagarðinum, bakarnemar settu upp Halloween búð og Street food markað o.fl.

Evrópumót iðn-, verk- og tæknigreina, Euroskills, var haldið í Herning í Danmörku í september. Frá Íslandi fóru 13 keppendur, þar af þrír frá MK. Þetta voru þau Andrés Björgvinsson sem keppti í matreiðslu, Guðrún Erla Guðjónsdóttir í bakstri og Daníel Árni Sverrisson í framreiðslu. Andrés hlaut „Medal of excellence“ sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi frammistöðu. Mikil og verðskulduð umfjöllun fór fram á íslenskum fjölmiðlum fyrir, meðan og eftir að keppni lauk sem er frábær leið til að vekja athygli á þessum greinum og námsframboði í MK. Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, bauð keppendum, þjálfurum og liðsstjórum til móttöku á Bessastöðum að keppni lokinni. Þar veitti hún viðurkenningar fyrir þátttöku og árangur á Euroskills.



# STARFSÞRÓUN Í MK

MK hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á að kennarar sækji sér endurmenntun og að fjölbreytt starfsþróunartækifæri séu í boði fyrir starfsmenn skólans.

Frá hausti 2023 hefur hópur kennara ásamt stjórnendum verið virkir í eigin starfsrýni. Ytri ráðgjafi, dr. Hafþór Guðjónsson, hefur leitt hópinn sem hittist einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. Hópurinn samanstóð í byrjun af 3-4 kennurum ásamt tveimur stjórnendum. Frá hausti 2024 hafa einhverjir dottið út og nýir kennarar bæst í hópinn í staðinn. Lögð hefur verið áhersla á að meðlimir hópsins læri hver af öðrum og hjálpi hver öðrum til að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun þvert á námsgreinar og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Afraksturinn hefur svo verið kynntur á kennarafundum.

Samkvæmt kjarasamningi framhaldsskólakennara, sem undirritaður var í lok febrúar 2025, var gerð sú breyting að færa 16 af þeim 80 klukkustundum sem gert er ráð fyrir að kennarar nýti í starfsþróun á hverju ári, inn á starfstíma skóla. Þessar breytingar eiga að efla starfsþróun innan hvers framhaldsskóla, efla færni og þekkingu kennara og auka gæði og fagmennsku í skólastarfi. Í MK hefur verið stofnað starfsþróunarteymi með þremur kennurum og þremur stjórnendum skólans. Starfsþróunarteyminu er ætlað að móta starfsþróunaráætlun í takt við þarfir skólastarfsins á hverjum tíma fyrir sig.



## ERLENT SAMSTARF

MK tekur þátt í alþjóðastarfi og er erlent samstarf hluti af skólastarfinu. Við skólann starfar alþjóðafulltrúi í hlutastarfi sem sér um styrkumsóknir og allt utanumhald með erlendum verkefnum skólans. MK er með VET Mobility Charter vottun í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB og auðveldar þessi gæðastimpill alla áætlanagerð. Þar með er hægt að skapa meiri festu í erlendu samstarfi.

Afreksípróttasvið MK, ásamt ípróttáframhaldsskólum í Árósum í Danmörku og Oulu í Finnlandi fengu Nordplus styrk til að styrkja og styðja enn frekar við Dual Career hugmyndafræðina sem afreksípróttasviðið okkar er byggt á. Á haustmánuðum komu 10 finnskir nemendur í MK ásamt kennurum sínum. Þeir dvöldu á heimilum afreksnemenda okkar, æfðu með þeim íprótt sína og fengu aðstöðu í skólanum til að sinna sínu námi. Okkar nemendur og kennarar munu svo heimsækja Finnland á vormánuðum. Samstarfið heldur áfram og munu fulltrúar samstarfsskólanna hittast reglulega.

Vegna styrkja Erasmus+ áætlunar Evrópusambandsins getum við sent starfsnámsnemendur til annarra landa Evrópu til að afla sér starfsreynslu í sínu fagi. Með hverju ári eykst áhugi nemenda á starfsnámi erlendis sem er ánægjulegt því þetta er einstakt tækifæri til að til að efla sig í starfi og auka sjálfstraust sitt. Níu nemendur fóru í starfsþjálfun til Belgíu, Danmörku, Svíþjóðar og Þýskalands. Nemendur dvöldu allt frá sex vikum til fimm mánaða og einn nemandi fékk tækifæri til að vinna á tveimur ólíkum stöðum. Nemendur ná að víkka sjóndeildarhring sinn og eru reynslunni ríkari.

Kennarar MK hafa einnig fengið tækifæri til að afla sér þekkingar erlendis með styrkjum frá Erasmus+. Framkvæmdastjóri hótél- og matvælaskólans ásamt innkaupastjóra fóru til Frakklands til að koma á samstarfi við birgja og veitingastaði til að senda nemendur í starfsþjálfun. Kennarar í bakstri og matreiðslu fóru í þverfaglega ferð til Ítalíu á námskeið þar sem þeir sérhæfðu sig í súkkulaði- og eftirréttagerð.

Við leitumst við að gefa nemendum tækifæri til að upplifa þá einstöku reynslu sem felst í því að reyna fyrir sér erlendis í sínu fagi. Aukin þekking felst ekki bara í því að kynnast erlendum vinnustað því nemendur kynnast einnig nýju tungumáli, umhverfi og menningu. Það er einnig mikilvægt fyrir kennara skólans að fá tækifæri til sí- og endurmenntunar sem styrkir þá í starfi og ýtir undir nýjungar í kennslu.

# LEIÐSÖGUSKÓLINN

Leiðsöguskólinn hóf sitt þrítugasta og fimmta starfsár við MK haustið 2025. Á sama tíma hófst kennsla samkvæmt nýrri samþykktri námskrá sem hafði formlega verið staðfest af mennta- og barnamálaráðuneytinu í júlí.

Tvö kjörsvið voru í boði í Leiðsöguskólanum á vorönn, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. Rúmlega 50 nemendur voru skráðir í skólann. Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsegja erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farinn sé hringur í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað. Námi í almennri leiðsögn lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsegja. Gönguleiðsögunemar fá þjálfun í að fara með ferðamenn í lengri og styttri gönguferðir en fá líka þjálfun í að leiðsegja í rútu. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun. Í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um óbyggðir sem nemendur skipuleggja sjálfir undir handleiðslu kennara. 33 nemendur útskrifuðust frá skólanum, 22 úr almennri leiðsögn og 11 gönguleiðsögunum.

Á haustönn hófu tæplega 40 nemendur nám. Sumir kjósa að dreifa náminu á tvö skólaár. Kennt er samkvæmt nýrri námskrá sem var formlega samþykkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu í júlí 2025. Áhersla er lögð á þjálfun í frásögn á kjörtungumáli, eins og undanfarin ár er enska langvinsælasta tungumálið.

Leiðsöguskólinn hefur í nokkur ár séð um fjóra fjræðslufyrirlestra á ári fyrir félagsmenn í Leiðsögn en þeir lognuðust út af eftir að deild leiðsögufólks var stofnuð í VR.

BSI á Íslandi gerði, að beiðni VR, úttekt á hvort námskrá í leiðsögn uppfyllti Evrópustaðal ÍST EN 15565:2008 og staðfesti að námskrá í almennri leiðsögn stæðist þær kröfur. Ekki er til Evrópustaðall um nám í gönguleiðsögn.



# PRÓFÍLL MK

## Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

MK er skóli með rúmlega 1100 nemendur og rúmlega 100 starfsmenn í 10.126 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2025 voru 960.

## Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi.

Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félags- og hugvísindabraut, opin braut, raungreinabraut, viðskipta- og hagfræðibraut, grunndeild í matvæla- og ferðagreinum, nám í bakstri, framreiðslu, kjötiðh og matreiðslu. Meistaránám í matvælagreinum, matsveina- og matartæknánám og leiðsögunám. Þá er framhaldsskólabrú og sérnámsbraut við skólann með vísan í framhaldsskólalög og lög um málefni fatlaðra. Nemendum, sem stunda íþróttir innan ÍSÍ, gefst auk þess tækifæri á að stunda nám á afreksíþróttasviði skólans.

## Framkvæmd markmiða:

Markmiðum í stefnuskjali frá 2024 var fylgt eftir á árinu 2025. Sum þeirra hafa náðst að fullu en önnur eru áfram í farvegi. Stefnuskjalið var uppfært haustið 2025 til næstu þriggja ára.

## Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar á skólaárinu fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu og birt á heimasíðu skólans. Unnið hefur verið að fjölbreyttum umbótamarkmiðum.

## Úttektir:

Skólinn fékk niðurstöður úr ytri úttekt mennta- og barnamálaráðuneytisins árið 2023 en matið fór fram seinni hluta ársins 2022. Skýrsla úttektaraðila er aðgengileg á heimasíðu skólans.

## Afkoma, rekstraraðstaða:

Ársvelta á árinu 2025 var 2.272,8 milljónir kr. samanborið við 1.991,1 milljónir kr. árið 2024 og afkoman batnaði mikið á milli ára.

## Brotthvarf:

Brotthvarf nemenda í MK var 4,5% á skólaárinu 2024-2025, skv. bráðabirgðatölum MRN. (Skilgreining MRN. á brotthvarfi: Það hlutfall nemenda (nýnema) sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla).

## Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, Guðríðar Hrunnar Helgadóttur, ásamt Helene H. Pedersen, aðstoðarskólameistara, Haraldar Jóhanns Sæmundssonar, framkvæmdastjóra Hótel- og matvælagólans, Erlu Hlímar Helgadóttur, áfangastjóra og Sigríðar Guðrúnar Sveinsdóttur, náms- og skrifstofustjóra.

## Samvinna við aðra:

Samvinna við íþróttafélögin vegna afreksíþróttasviðs. Samvinna við lðuna fræðslusetur, Matvís, SAF, Nemastofu og fyrirtækja í matvæla- og veitingageira vegna náms í hótél- og matvælagreinum. Samvinna við grunnskóla Kópavogs vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanema. Skólinn er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Samstarf við Landvernd vegna Grænfánaverkefnis, Umhverfisstofnunar um græn skref ríkisstofnana og Leiðsögn, félags leiðsögumanna.

## Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

MK er hefðbundinn bóknáms- og starfsnámskóli. Sérstaða MK felst í fjölbreyttu námsframboði, námi í matvælagreinum og afreksíþróttasviði í samstarfi við íþróttafélögin í Kópavogi og sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf. Áhersla er lögð á vellíðan nemenda og starfsfólks og persónulegri þjónustu við nemendur.

# STARFSFÓLK SKÓLANS ÁRIÐ 2025

## Stjórnendur

Erla Hlín Helgadóttir	áfangastjóri	
Guðríður Hrund Helgadóttir	skólameistari	
Haraldur J. Sæmundsson	framkvæmdastjóri Hótel- og matvæðaskólans	
Helene Houmøller Pedersen	aðstoðarskólameistari	
Hildur Þórsdóttir	kennslustjóri	vorönn
Sigríður Guðrún Sveinsdóttir	náms- og skrifstofustjóri	

## Skólanefnd

### Aðalmenn án tilnefningar

Eysteinn Pétur Lárusson  
Svandís Dóra Einarsdóttir  
Steinþór Jónsson

### Aðalm. samkv. tiln. Kópavogsb.

Guðmundur Birkir Þorkelsson      formaður  
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir

### Varamenn án tilnefningar

Björg Baldursdóttir  
Kristín Hermannsdóttir  
Sigmar Ingi Sigurðsson

### Varam. samkv. tiln. Kópavogsb.

Björg Baldursdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir

## Áheyrnarfulltrúi kennara

Gerður Bjarnadóttir      vorönn  
Íris Dögg Gunnarsdóttir      haustönn

## Áheyrnarfulltrúi nemenda

Irena Ósk Bedia Skúladóttir      vorönn  
Hjördís Ósk Blöndal      haustönn

## Áheyrnarfulltrúi foreldra

Tinna Björk Pálsdóttir

## Annað starfsfólk

Ásdís Þóra Ágústsdóttir	stuðningsfulltrúi	vorönn
Ásrún Á. Jónsdóttir	sálfræðingur	
Daníel Ingi Guðmundsson	stuðningsfulltrúi	
Dóra Björg Jónsdóttir	ritari	
Elín G. Bergsdóttir	náms- og starfsráðgjafi	
Elísa Þorsteinsdóttir	náms- og starfsráðgjafi	

Elísabet H. Guðmundsdóttir	fjármálastjóri	
Eypór Atli Reynisson	stuðningsfulltrúi	haustönn
Guðmundur Kristinn Jónsson	innkaupastjóri	
Guðni Jónsson	stuðningsfulltrúi	
Gunnfríður Friðriksdóttir	þjónustuliði	vorönn
Helga Lind Hjartardóttir	náms- og starfsráðgjafi	
Hildur Ösp Hafberg	þroskaþjálfari	
Hildur Ómarsdóttir	þroskaþjálfari	
Ingibjörg Jónsdóttir	forstöðumaður bókasafns/skjalastjóri	
Iryna Novakovska	mötuneyti	
Jenný Guðbjörg Hannesdóttir	matreiðslumeistari mötuneytis	
Katarzyna Baranowska	þjónustuliði	
Kristín Hrönn Þráinsdóttir	fagstjóri Leiðsöguskólans	
Magnea Þorbjörg Einarsdóttir	yfirmaður þjónustusviðs	
Maria Lilibeth T. Oriol	þjónustuliði	
Minming Wu	þjónustuliði	
Oleksandra Nesmiianova	mötuneyti	
Rolandas Mineika	kerfisstjóri	
Rebekka Sif Rúnarsdóttir	ritari	vorönn
Tao Guan	þjónustuliði	haustönn
Þórarinn Halldórsson	umsjónarmaður fasteigna	
Xueyi Li	þjónustuliði	
<b>Kennarar</b>		
Anna Fanney Ólafsdóttir	stærðfræði	leyfi vorönn
Anna Sigríður Sigurðardóttir	spænska	haustönn
Anna Sigrún Jónsdóttir	enska, þýska	haustönn
Aron Már Björnsson	afrekssvið, lýðheilsa	
Ásgeir Þór Tómasson	bakstur	leyfi vorönn
Ásthildur Elín Guðmundsdóttir	bakstur	leyfi
Baldur Sæmundsson	framreiðsla	
Birgir Rafn Birgisson	íslenska	
Brynhildur Steindórsdóttir	danska	haustönn
Caroline Nicholson	enska	
Daði Rafnsson	afrekssvið	
Dóra Svavarsdóttir	matreiðsla	
Elfa Ingvadóttir	stærðfræði	
Elín Hrund Heiðarsdóttir	spænska	
Elísa Skúladóttir	líffræði, umhverfisfræði	haustönn
Elísabet Björnsdóttir	enska	
Eva Dögg Kristbjörnsdóttir	ísl. sem annað mál, sálfræði, uppl.tækni	
Eva Hrönn Stefánsdóttir	enska	
Eygló Erla Þórisdóttir	íslenska	
Eygló Ingólfssdóttir	sérkennari	
Eypór Eiríksson	stærðfræði	vorönn
Gabriel Ómar Hafsteinsson	afrekssvið, lýðheilsa	
Garðar Vilhjálmsson	viðskiptagreinar	
Gerður Bjarnadóttir	íslenska	vorönn

Guðný Jónsdóttir	matsveina- og matartæknanám	
Guðný Pálsdóttir	enska	
Guðrún Sjöfn Axelsdóttir	stærðfræði	
Guðrún Helga Gunnarsdóttir	sérkennari	
Gunnar Birgir Sandholt	eðlisfræði, líffræði	vorönn
Hafrún Eva Arnardóttir	líffræði, umhverfisfræði	haustönn
Hallgrímur Sæmundsson	framreiðsla	
Haraldur Árni Þorvarðarson	bakstur	
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	umhverfisfr. og ferðagreinar	
Hákon Sverrisson	stærðfræði	
Heiðrún Hjaltadóttir	enska	
Heimir Freyr Hálfðanarson	íslenska	
Helena Halldórsdóttir	sálfræði	
Helgi Jónsson	íslenska	haustönn
Hermann Þór Marinósson	matreiðsla	
Hildur Guðrún Hauksdóttir	danska	
Hinrik Carl Ellertsson	matreiðsla	
Hjalti Freyr Magnússon	íslenska	vorönn
Hjördís Einarsdóttir	félagsgreinar	
Hrafnhildur Pálsdóttir	stærðfræði	
Hrafnhildur Sigurðardóttir	stærðfræði	
Ingunn Gylfadóttir	danska	leyfi vorönn
Íris Dögg Gunnarsdóttir	enska	
Jóhannes Ægir Baldursson	framreiðsla	
Jóna Bjarnadóttir	efnafræði og eðlisfræði	
Jóna Björk Viðarsdóttir	næringarfr. og lýðheilsa	
Karen Erna Ellertsdóttir	íslenska	haustönn
Kristinn Sverrisson	viðskiptagreinar	
Kristín Bjartmarsdóttir	viðskiptagreinar	
Kristín Grétarsdóttir	líffræði, umhverfisfræði, ferðafræði	haustönn
Kristín Hrund Reynisdóttir	bakstur	
Kristján Hallur Leifsson	kjötiðn	
Laufey Ófeigsdóttir	sálfræði	
Maren Davíðsdóttir	jarðfræði og umhverfisfr.	
Margrét Benediktsdóttir	þýska	vorönn
Margrét A. Eymundardóttir	umhverfisfræði	vorönn
Margrét S. Sigurðardóttir	líffræði	vorönn
María Ben Ólafsdóttir	félagsgreinar	
María Hjálmtýsdóttir	kynjafræði og spænska	leyfi haustönn
Nanna Þóra Andrésdóttir	sérkennari	leyfi haustönn
Ólafur Þór Þorsteinsson	saga	
Ragnheiður Lárusdóttir	íslenska	
Ragnheiður Ólafsdóttir	sérkennari	haustönn
Sara Pétursdóttir	íslenska	
Sigrún Ása Magnúsdóttir	íslenska	
Sigrún Guðmundsdóttir	viðskiptagreinar	
Sigrún Óskarsdóttir	stærðfræði og viðskiptagr.	
Soffía Ófeigsdóttir	íslenska	

Sólveig Ebba Ólafsdóttir	íslenska	leyfi
Stefán Pétur Bachmann Bjarnason	bakstur	
Stefán Svavarsson	saga	
Unnsteinn Ó. Hjörleifsson	matreiðsla	
Vanessa G. B. Escobar	spænska	
Willum Þór Þórsson	viðskiptagreinar	haustönn
Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir	líffræði	leyfi
Þorsteinn V. Einarsson	kynjafræði	
Þórir Bergsson	viðskiptagreinar	
Þula Guðrún Árnadóttir	enska	
Þuríður Helga Guðbrandsdóttir	matsveina- og matartæknanám	
Ægir Friðriksson	matreiðsla	